

Mikil samkeppni á raforkumarkaði

Raforkuverð smásala er einungis þriðjungur af heildar raforkureikningi heimila hér á landi og hlutur heimilanna í heildar raforkusölu Landsvirkjunar nemur einungis tæplega 4%. Landsvirkjun er langstærsti raforkuframleiðandi á Íslandi. Sviðsstjóri Orkusviðs Eflu segir að samkeppni á fyrirtækjahluta almenna raforkumarkaðarins sé hörð en ástandið sé erfiðara á heimilishluta markaðarins.

SVEINN ÓLAFUR MELSTED
sveinn@vb.is

Raforkuverð smásala er um þriðjungur af raforkureikningi heimilanna í landinu. Restin af reikningnum samanstendur af dreifingarkostnaði (39%), flutningi (10%) og opinberum gjöldum (21%). Sala á raforku á Íslandi skiptist í tvo aðskilda markaði, stórnotendur og smásölu til almennra nota. Stórnotendur skipa bróðurpartinn af raforkusölu ríkisfyrirtækisins Landsvirkjunar eða um 85%. Stórnotendur eru aðilar sem starfa í orkufrekum iðnaði, til dæmis álverum og gagnaverum, en stórnotendamarkaðurinn er alþjóðlegur samkeppnismarkaður. Landsvirkjun er langstærsti raforkuframleiðandi á Íslandi en fyrirtækið vinnur 73% allrar raforku í landinu. Þetta er meðal þess sem kom fram á morgunfundi Landsvirkjunar um raforkumarkaði sem haldinn var á dögunum.

Hlutur heimilanna tæp 4%

Hlutur smásölu til almennra nota í gegnum Landsvirkjun, flokkurinn sem heimili og flest fyrirtæki í landinu falla undir, er því aðeins 15%. Þar afnotar atvinnulífið ¾ og því er hlutur heimilanna í allri raforkusölu Landsvirkjunar einungis tæp 4%. Það eru nokkur fyrirtæki sem sjá um smásölu á raforkumarkaðnum hér á landi. Landsvirkjun stundar ekki smásölu heldur selur fyrirtækið raforku á heildsölumarkaði til smásöluþyrta sem selja svo raforku áfram til endanotenda, sem eru fyrirtækin og heimilin í landinu.

Síðastliðið sumar gaf verk-



Jón Vilhjálmsson, sviðsstjóri Orkusviðs Eflu, segir að mikil samkeppni sé í fyrirtækjahluta almenna raforkumarkaðarins, þó að margir vilji halda öðru fram.

VB MYND/HAG

fræðistofan Efla út skýrslu um þróun orkuverðs á Íslandi á árunum 2005-2017. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að meðalverð í smásölu til heimila hefur hækkað um 7% á föstu verðlagi á árunum 2007-2017 en á meðan hefur heildsöluverð Landsvirkjunar, sem hlutfall af rafmagnsreikningi heimilanna síðastliðin 10 ár, lækkað úr 31% í 23% árið 2017. Hlutfall raforkuverðs smásala af heildarreikningi heimilis hefur svo lækkað um 2% á þessu tímabili.

Hörð samkeppni á fyrirtækjahluta raforkumarkaðarins

Jón Vilhjálmsson, sviðsstjóri Orkusviðs Eflu og einn af höf-

undum fyrrnefndrar skýrslu, segir að samkeppni á raforkumarkaði hafi eflst til muna eftir að raforkumarkaðurinn var opnaður með nýjum raforkulögum árið 2005.

„Í lögnum var gerð krafa um að skilja á milli samkeppnis- og sérleyfisþátta. Þá fóru sex fyrirtæki að selja raforku í smásölu en þessi fyrirtæki voru hluti af gömlum fyrirtækjum sem voru inni á raforkumarkaði. Þessi fyrirtæki hafa allar götur síðan verið að keppast sín á milli á markaðnum við að ná notendum til sín í viðskipti. Þessi samkeppni fór vissulega hægt af stað og það var tiltölulega lítinn afslátt að fá þegar maður var

að bjóða út raforkunotkun fyrir fyrirtæki eða sveitarfélög. En eftir því sem tíminn hefur liðið hefur samkeppnin sífellt aukist og afslættirnir sem er verið að bjóða orðnir mun hærri en á sínum tíma. Fyrirtækin sem eru að selja aðgang að raforkunni eru að berjast hart um þessa viðskiptavinum og þeir hafa mikinn ávinning af því. Núna á síðustu tveimur árum hafa svo tvö ný fyrirtæki komið inn á þennan markað og hafið smásölu á raforku, og við það hefur samkeppnin aukist enn frekar.“

Erfiðara ástand fyrir heimilin

Að sögn Jóns er því mikil samkeppni í fyrirtækjahluta

Raforkuverð lágt í samanburði við Norðurlönd

● Í norrænu samhengi kemur árlegur raforkukostnaður heimila á Íslandi nokkuð vel út. Árlegur raforkukostnaður á hvert heimili fyrir árið 2018 í Reykjavík er að meðaltali 86 þúsund krónur. Osló er eina borgin sem kemur betur út úr þessum samanburði, þó mjög naumlega, en þar nemur kostnaður hvers heimilis 85 þúsund krónum. Í Helsinki nemur kostnaðurinn 95 þúsund krónum, í Stokkhólmi 129 þúsund krónum og loks í Kaupmannahöfn er kostnaðurinn mestur eða 179 þúsund krónur á ársgrundvelli. Þess ber þó að geta að í hinum Norðurlöndunum borga neytendur sérstakan skatt sem nýttur er til að stuðla að uppbyggingu á endurnýjanlegum orkugjöfum. Allir orkugjafar hér á landi eru hins vegar endurnýjanlegir og eðlilega er því engin slíkur skattur lagður á. Þegar áður nefndur skattur er tekin út úr jöfnunni þá er Ísland staðsett í miðjunni þegar raforkuverð landanna er borið saman.

almenna raforkumarkaðarins, þó að margir vilji halda öðru fram. Hins vegar sé ástandið erfiðara á heimilishluta almenna markaðarins.

„Meðalheimilið er að nota um það bil 4.500 kílóvattstundir á ári og er að borga smásölum um það bil 30 þúsund krónur á ári fyrir það. Fólki er því að greiða tæpar 3 þúsund krónur á mánuði fyrir þessa þjónustu. Það er hægt að ná fram einhverjum hundradköllum í sparnað með því að flytja sig á milli raforkusala, sem er mjög auðvelt í framkvæmd. Það hefur aukist að heimili séu að skipta um raforkusala en það er þó lágt hlutfall sem hefur gert það enn sem komið er. Það er kannski vegna þess að fólki finnst það hafa lítinn ávinning af því að spara sér einungis óverulegar upphæðir á mánuði. Sökum þessa ástands er mikilvægt að stjórnvöld fylgist með þessum markaðshluta til þess að tryggja að heimilin njóti þess einnig að fá hagstætt verð á raforku.“